

STARFSLEYFI
Ísafjarðarbær
Engidal, Ísafjarðarbæ
- móttaka og meðhöndlun úrgangs -
Kt.: 540596-2639

Gefið út af Umhverfisstofnun í samræmi við ákvæði eftirtaldrá laga og reglugerða: Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

1. ALMENN ÁKVÆÐI

1.1. Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Ísafjarðarbæ, kt. 540596-2639, fyrir móttöku og meðhöndlun úrgangs í húsnæði og á lóð Funa í Engidal, Ísafjarðarbæ. Komi nýr aðili að rekstrinum getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á sig án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi, sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Ísafjarðarbær er hér eftir nefndur rekstraraðili.

Rekstraraðila er heimilt að fela verktaka að annast verk fyrir sig, enda hafi viðkomandi öll tilskilin leyfi. Það er á ábyrgð rekstraraðila að fylgjast með hvort verktaki hafi öll tilskilin leyfi.

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og haga starfsemi og frágangi í samræmi við gildandi deiliskipulag.

1.2. Umfang starfseminnar

Heimilt er að taka á móti allt að 3.000 tonnum af úrgangi á ári til meðhöndlunar, þ.e. flokkunar, umhleðslu, pökkunar og geymslu.

Starfsemin skiptist í eftirfarandi þætti:

a) Söfnunarstöð (gámastöð)

Heimilt er að taka við heimilisúrgangi sem ekki telst spilliefni. Einnig er heimilt að taka við spilliefnum frá almenningi eða smærri fyrirtækjum, enda sé það í litlu magni, ekki sé um að ræða mjög hættuleg efni og engin meðhöndlun fari fram, önnur en söfnun og geymsla til skamms tíma.

b) Móttökustöð

Heimilt er að taka við heimilisúrgangi sem ekki telst spilliefni til flokkunar og umhleðslu. Einnig er heimilt að taka við 150 tonnum af brotajárni á ári og 300 tonnum af timbri á ári til pökkunar og geymslu.

Magni úrgangs sem geymt er á athafnasvæði rekstraraðila skal haldið í lágmarki og skal það aldrei verða svo mikið að hætta skapist. Magn timburs á athafnasvæðinu skal ekki fara yfir 50 tonn hverju sinni.

Móttaka og meðhöndlun spilliefna er bönnuð, önnur en söfnun og geymsla skv. a- og b-liðum. Berist spilliefni óvænt með úrgangsförnum telst það ekki móttaka og meðhöndlun, enda sé efnunum komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku við fyrsta tækifæri.

Óheimilt er að geyma annan úrgang utanhúss en skv. a- og b-liðum.

Móttaka, geymsla eða úrvinnsla úr sér genginna ökutækja er óheimil.

Förgun úrgangs á athafnasvæði rekstraraðila er bönnuð.

1.3. Eftirlitsaðili

Eftirlitsaðili hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við 47. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

1.4. Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita útgefanda starfsleyfis upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 18. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

1.5. Stöðvun rekstrar

Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnun og búnaði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt. Tilkynna skal eftirlitsaðila með minnst mánaðarfyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi, þannig að taka megji út frágang.

1.6. Starfsemi hafin að nýju

Tilkynna skal eftirlitsaðila um að starfsemi sé hafin að nýju ef starfsemin hefur legið niðri í meira en mánuð.

1.7. Neyðaráætlun

Rekstraraðili skal útbúa neyðaráætlun um meðhöndlun úrgangs á þjónustusvæði móttökustöðvarinnar ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri hennar. Neyðaráætlunin skal innihalda tillögur um meðferð og förgun úrgangs þann tíma sem starfsemin liggur niðri. Neyðaráætlunin skal liggja fyrir innan þriggja mánaða frá útgáfu starfsleyfis þessa og vera aðgengileg eftirlitsaðila.

1.8. Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið að jafnaði á fjögurra ára fresti, sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Einnig er skylt að endurskoða starfsleyfið ef forsendur rekstrarins breytast með eftirfarandi hætti, sbr. 21. gr. reglugerðar nr. 785/1999:

- Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningaskyld er sbr. gr. 1.4.
- Ef öryggi við rekstur krefst þess að önnur tækni sé notuð en upphaflega var miðað við í starfsleyfinu.
- Ef mengun af völdum rekstrarins er meiri en búast mátti við þegar starfsleyfið var gefið út eða ef vart verður mengunar sem ekki var gert ráð fyrir við útgáfu leyfisins. Ef mengun fer umfram losunarmörk í starfsleyfi getur eftirlitsaðili beitt úrræðum sbr. gr. 1.11.
- Ef breytingar verða á bestu fánlegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun án óhóflegs kostnaðar. Ef breytingar verða á viðmiði um bestu fánlegu tækni skal rekstraraðili senda útgefanda starfsleyfis tímasetta áætlun sem fjallar um með hvaða hætti hann hyggist taka upp hina nýju tækni en rökstyðji annars að honum sé það ekki mögulegt án þess að kostnaður verði óhóflegur.
- Ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir reksturinn. Rekstraraðila er þó ætíð skylt að fara að gildandi lögum og reglugerðum, sbr. gr. 1.1, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað.

1.9. Samráðsfundur

Annað hvert ár skal rekstraraðili boða fulltrúa eftirlitsaðila á samráðsfund. Þessir aðilar geta þó boðað oftari til samráðsfundar ef ástæða þykir til. Á samráðsfundum verði m.a. rætt um reksturinn, mengunarvarnir, hugsanlegar breytingar á rekstrinum, eftirlitsmælingar og önnur atriði er kunna að hafa komið upp og fulltrúar áður nefndra aðila telja ástæðu til að ræða.

1.10. Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði í kafla XI í reglugerð nr. 785/1999 og upplýsingum um mengunarvarnaeftirlit í samræmi við kafla VI í reglugerð nr. 786/1999.

1.11. Valdsvið og þvingunarúrræði

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, ákvæðum laga og reglugerða á starfssviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum laga nr. 55/2003 til að knýja fram úrbætur. Eftirlitsaðila er þannig heimilt að veita tilhlýðilega fresti til úrbóta, veita áminningu og ákveða rekstraraðila dagsektir, sinni hann ekki fyrirmælum stofnunarinnar. Jafnframt er eftirlitsaðila heimilt að stöðva starfsemi rekstraraðila sé um alvarlega hættu að ræða og svipta hann starfsleyfi sé um að ræða ítrekuð brot eða alvarleg tilvik.

2. STARFSHÆTTIR

2.1. Umhverfi og takmörkun aðgangs

Rekstraraðili skal kappkosta að draga sem mest úr því álagi sem starfsemi hans veldur á umhverfið og skal hann setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Skulu umhverfismarkmiðin liggja fyrir innan þriggja mánaða frá útgáfu starfsleyfis þessa.

Fara skal þannig með allan úrgang við meðhöndlun að tryggt sé að hann valdi hvergi óþrifnaði eða ónæði, svo sem foki úrgangsefna, ólykt eða hávaða. Verði vart við meindýr, s.s. rottur eða vargfugla, skal séð til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæði rekstraraðila, að teknu tilliti til laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Rekstraraðili skal halda athafnasvæði sínu snyrtilegu og skal það afgirt til að hindra aðgang og ólöglega losun úrgangs. Aðgangur að efra svæði, þar sem timbur og brotajárn eru geymd, skal hindraður með girðingu við innakstursleiðir en annars með snjóflóðavarnargarði eða jarðvegsmonum. Öll hlið skulu lokað nema þegar starfsemi fer fram. Gott eftirlit og viðhald skal vera með girðingu og jarðvegsmonum. Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingu, jarðvegsmonum eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.

2.2. Mengunarvarnir og nýting orku

Rekstraraðili skal nota bestu fáanlegu tækni (BAT), hafi hún verið skilgreind, við mengunarvarnir og skal nýta orku vel. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð heildaráhrif á umhverfið (samþættar mengunarvarnir). Mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa skal haldið í lágmarki og tryggja skal víðtæka umhverfisvernd.

2.3. Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili getur valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001, eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi EB, sbr. reglugerð nr. 990/2005 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi bandalagsins (EMAS).

Velji rekstraraðili að reka innra eftirlit sem uppfyllir staðlaðar kröfur er eftirlitsaðila heimilt að draga úr reglubundnu mengunarvarnaeftirliti og lækkar þá eftirlitsgjald sem því nemur, sbr. gr. 12.6 í reglugerð nr. 786/1999. Þá er heimilt að draga úr reglubundnu mengunarvarnaeftirliti hjá atvinnurekstri sem er með innra eftirlit með ákveðnum eftirlitspáttum sem eftirlitsaðili hefur samþykkt.

2.4. Óeðlilega mikil mengun

Berist á starfstímanum óeðlilega mikil mengun frá starfseminni út í umhverfið sér rekstraraðili um að koma í veg fyrir að mengunarefni haldi áfram að breiðast út. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað.

2.5. Tilkynningaskylda vegna mengunarslysa

Verði óhapp eða slys sem getur haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til þess að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu. Tilkynna skal eftirlitsaðila um tilfelli þar sem hætta er á bráðamengun eða umtalsverðum áhrifum á umhverfið.

2.6. Söfnunarstöð

Úrgangi skal safnað í gáma sem raðað er upp með skipulegum hætti. Gámarnir skulu vera heilir, hreinir og á þeim skulu vera skýrar merkingar sem segja til um hvaða úrgangur megi fara í þá. Eftirlit skal haft með því að úrgangur sé flokkaður á réttan hátt svo hann fari í viðeigandi gáma.

Ef spilliefnum er safnað skal þeim strax komið fyrir í lokanlegum, lekaheldum kerum sem eru viðurkennd til geymslu spilliefna. Kerin skulu merkt á viðeigandi hátt og staðsett þannig að þau séu stöðug og verði ekki fyrir hnjaski, t.d. frá ökutækjum. Engin meðhöndlun spilliefna skal fara fram eftir söfnun, s.s. flokkun eða umpökkun, og skulu spilliefnin geymd í kerunum þar til þau eru send til viðurkenndrar spilliefnamóttöku við fyrsta hentuga tækifæri. Skal þess vandlega gætt að úrkomuvatn komist ekki að spilliefnunum og að þau berist ekki í fráveitu eða geti á annan hátt valdið skaða.

2.7. Móttökustöð

Öll meðhöndlun heimilisúrgangs skal fara fram innandyra en heimilt er að meðhöndla timbur og brotajárn utandyra.

Rekstraraðila ber að tryggja að engin spilliefni séu í þeim úrgangi sem tekið er á móti til meðhöndlunar, annarrar en geymslu. Spilliefnum sem kunna að berast skal komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku við fyrsta tækifæri.

Timbri og brotajárni sem geymd eru utandyra skal komið fyrir með hentugu fyrirkomulagi og á skipulegan hátt. Ávallt skal vera hreinn aðskilnaður á milli úrgangsflokka til að lágmarka sambrunahættu, í samræmi við ábendingar og kröfur Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar, og skal ekki staðsetja úrgangshauga nær húsum en sem nemur 8 metrum.

Timbur og brotajárn sem ekki inniheldur spilliefni er heimilt að meðhöndla og geyma á svæði með malaryfirborði. Brotajárn sem inniheldur spilliefni skal geymt í kerum á bundnu yfirborðslagi og frárennsli leitt í sandfang og olúskilju.

2.8. Verkstjórn

Starfsemi í starfstöð rekstraraðila skal ávallt vera undir yfirumsjón starfsmanns sem þekkingu hefur á öllum búnaði stöðvarinnar og ákvæðum þessa starfsleyfis. Skal starfsmaðurinn jafnframt kunna skil á þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda. Eintök af starfsleyfi og viðeigandi lögum og reglugerðum skulu ávallt tiltæk í starfstöð.

2.9. Meðhöndlun hættulegra efna

Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á hættulegum eiginleikum þeirra efna sem það getur komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar í starfstöð. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

2.10. Endurnotkun og endurnýting úrgangs

Rekstraraðili skal stuðla að endurnotkun og -nýtingu úrgangs eins og kostur er, í samræmi við gildandi svæðisáætlun sveitarstjórnar. Ef endurnotkunar- og endurnýtingarmöguleikar eru fyrir hendi skal koma úrgangi sem berst í slíka vinnslu, ef kostur er.

3. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

3.1. Varnir gegn foki úrgangsefna

Komið skal í veg fyrir fok úrgangsefna frá athafnasvæði rekstraraðila, t.d. með því að meðhöndla ekki fokgjarnan úrgang utandyra eða með uppsetningu girðinga eða skjólveggja.

3.2. Söfnunarstöð

Sá hluti söfnunarstöðvar þar sem spilliefnum er safnað og þau geymd skal lagður bundnu yfirborðslagi og fráveituvatn leitt í sandfang og olúskilju áður en það er leitt til sjávar. Plön þar sem meðhöndlaður er úrgangur sem mengað getur frárennsli skulu einnig lögð bundnu yfirborðslagi og fráveituvatn leitt í sandfang og olúskilju áður en það er leitt til sjávar. Fráveituvatn frá öðrum plönnum má leiða ómeðhöndlað til sjávar eða í jarðveg á athafnasvæði rekstraraðila. Reynist fráveituvatnið ekki uppfylla skilyrði sem koma fram í gr. 5.3 skal hreinsa það frekar áður en það er leitt til sjávar eða í jarðveg.

3.3. Móttökustöð

Fráveituvatn frá öllum rýmum vinnsluhúss skal leitt í sandfang og olúskilju áður en það er leitt til sjávar. Svæði þar sem geymt er brotajárn sem innihaldið getur spilliefni skal lagt bundnu yfirborðslagi og fráveituvatn leitt í sandfang og olúskilju. Fráveituvatn frá húsþökum og plönnum þar sem meðhöndlaður er úrgangur sem ekki getur mengað frárennsli má leiða ómeðhöndlað til sjávar eða í jarðveg á athafnasvæði rekstraraðila. Reynist fráveituvatnið ekki uppfylla skilyrði sem koma fram í gr. 5.3 skal hreinsa það frekar áður en það er leitt til sjávar eða í jarðveg.

3.4. Sandföng og olúskiljur

Styðjast skal við gildandi staðla um sandföng og olúskiljur varðandi stærð, frágang, eftirlit og viðhald. Tæma skal sandföng og olúskiljur eftir þörfum og tryggja að úrganginum sé fargað með viðurkenndum hætti. Halda skal skrá yfir eftirlit, viðhald og tæmingar.

Við úttök allra olúskilja skal vera búnaður svo hægt sé að loka fyrir frárennslið. Ef óhapp verður og spilliefni fara í niðurföll skal samstundis loka fyrir frárennsli frá viðkomandi olúskilju.

Aðstaða skal vera til að taka sýni af fráveituvatni þar sem það kemur úr olúskiljum.

3.5. Hreinsibúnaður

Viðeigandi búnaður og efni til hreinsunar spilliefna sem kunna að fara niður, t.d. ídræg efni til hreinsunar á vökvum, skulu vera til reiðu í starfstöð.

3.6. Hávaði

Rekstraraðili skal leitast við að halda niðri hávaða frá starfseminni og skal hann vera í samræmi við þau mörk sem fram koma í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

4. MÓTTAKA ÚRGANGS

4.1. Móttaka og skráning úrgangs

Skrá skal upplýsingar um allan úrgang sem tekið er á móti, í samræmi við flokkunarkerfi reglugerðar nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang. Skrá skal tegundir, magn, uppruna, dagsetningu móttöku, framleiðanda úrgangs eða söfnunarfyrtæki ef við á, vinnsluaðferðir og ráðstöfun úrgangsins.

Gefa skal út kvittun til úrgangshafa fyrir móttöku spilliefna.

5. INNRA EFTIRLIT REKSTRARAÐILA

5.1. Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta valdið mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er:

1. Upplýsingar um allan úrgang sem tekið er á móti, sbr. gr. 4.1.
2. Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim, sbr. gr. 2.4 og 2.5.
3. Rekstur fráveitukerfis, s.s. eftirlit, viðhald, tæmingar og niðurstöður eftirlitsmælinga, sbr. gr. 3.4 og 5.2.

5.2. Eftirlitsmælingar

Fullnægjandi aðstaða til sýnatöku og mælinga á fráveituvatni þar sem það kemur úr olúskiljum skal vera fyrir hendi til að unnt sé að fylgjast með mengun sem frá starfseminni kann að berast. Tekin skulu sýni af vatni þar sem meðalsamsetning er dæmigerð. Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd sýnatöku og mælinga og fá til þess aðila sem eftirlitsaðili samþykkir.

Rekstraraðili skal vakta fráveituvatn samkvæmt eftirfarandi mælingaáætlun:

	Mæli-/sýnatökustaður	Efnisþættir	Tíðni*
Samsetning fráveituvatns	Úttök olúskilja	Rennsli, hitastig, leiðni, pH, heildarmagn svifagna, súrefnisþörf (COD), heildarmagn uppleystra efna (TDS), ammóníum (NH_4^+), níturat (NO_3^-), köfnunarefni (N_{heild}), fosfór (P_{heild}), olía/fita, lífræn halógensambönd (AOX), blý (Pb), kvikasilfur (Hg), kadmíum (Cd)	Einu sinni á ári; fyrir 1. okt.

*Ef mat á gögnum gefur til kynna að strjálta eftirlit gefi jafn góða raun er eftirlitsaðila heimilt að breyta tilhöguninni. Jafnframt er eftirlitsaðila heimilt að fara fram á tíðari mælingar.

5.3. Losunarmörk

Þar sem fráveituvatn er leitt til sjávar eða í jarðveg á athafnasvæði rekstraraðila mega hvergi vera:

- Set eða útfellingar.
- Þekjur af rotverum (bakteríum eða sveppum).
- Olía, fita eða froða.
- Úrgangur eða aðrir aðskotahlutir.
- Efni sem veldur óþægilegri lykt, lit eða gruggi.

Losunarmörk sem fráveituvatn þarf að uppfylla áður en það er leitt til sjávar:*

Efni	Styrkur (mg/l)
Svifagnir	35
Súrefnisþörf	125
Kvikasilfur	0,05
Kadmíum	0,1
Blý	0,2
Olía/fita	15
pH	2,0–9,0

*Í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp og skýrslu framkvæmdastjórnar EB um bestu fánalegu tækni við mengunarvarnir við meðhöndlun úrgangs (Waste Treatment Industries, BAT Reference Document, August 2006). Einnig er höfð hliðsjón af losunarmörkum fyrir úrgangsvatn sem fellur til við hreinsun útblásturslofts í sorpbrennslustöðvum, sbr. reglugerð nr. 739/2003 um brennslu úrgangs.

5.4. Skýrslur til eftirlitsaðila

Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Rekstraraðila er heimilt að vísa til ársskýrslu ef þar er að finna ofangreindar niðurstöður.

Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun upplýsingar um allan úrgang sem tekið er á móti, sbr. gr. 4.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 9. gr. laga nr. 55/2003. Rekstraraðila er heimilt að vísa til ársskýrslu ef þar er að finna ofangreindar niðurstöður.

6. GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í 2. flokk skv. fylgiskjali 1 með reglugerð nr. 785/1999. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins. Rekstraraðili greiðir eftirlitsaðila gjald skv. gjaldskrá eftirlitsaðila vegna reglubundins eftirlits. Gjald vegna viðbótareftirlits, vanefnda eða rökstuddra kvartana greiðist sérstaklega skv. gjaldskrá eftirlitsaðila, sbr. 5. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 786/1999.

7. GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem gefið er út í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, öðlast þegar gildi. Starfsleyfið gildir til 16. febrúar 2028.

Reykjavík, 16. febrúar 2012

Umhverfisstofnun

Kristín Linda Árnadóttir
forstjóri

Gunnlaug Einarsdóttir
sviðsstjóri